

Nefndasvið Alþingis  
Fjárlaganefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 6. maí 2024

## Efni: Umsögn félagsins Femínísk fjármál um fjármálaáætlun fyrir árin 2025–2029

Félagið Femínísk fjármál fagnar framförum í útgáfu fjármálaáætlunar. Kynja- og jafnréttissjónarmið eru sambætt við umfjöllun um útgjaldastefnu og útgjaldapróun stjórnvalda, þar sem gert er grein fyrir jafnréttisáhrifum helstu breytinga á heildarútgjöldum á tímabili fjármálaáætlunarinnar. Auk þess er í fyrsta skipti gerð tenging á milli fjármálaáætlunar og stöðuskýrslu í jafnréttismálum, en áhersla er lögð á að ráðuneytin geri grein fyrir kynja- og jafnréttisáskorunum í greinargerðum málaflokkanna og ávarpi hvernig hægt sé að bregðast við þeim. Með þessu taka stjórnvöld skref í átt að vandaðri, upplýstari og skilvirkari ákvarðanatöku um ríkisfjármálin.

Félagið vill þó benda á að nokkuð mikið vantar upp á framkvæmdina. Á nokkrum málefnasviðum eru engar áskoranir tilgreindar, en stjórnvöld geta ekki skýlt sér á bak við það að engar kynja- og jafnréttisáskoranir séu í þessum málaflokkum. Má þar m.a. nefna málefnasvið 30 - Vinnumarkaður og atvinnuleysi, en til að skilja og bregðast við fjarveru á vinnumarkaði og óöryggi á vinnustöðum þarf að byggja á kynja- og margbreytileikasjónarmiðum sem liggja fyrir innan Stjórnarráðsins. Á mörgum málefnasviðum eru áskoranir dregnar fram, en lítið ber á aðgerðum til umbóta á þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir. Má þar nefna málaflokk 32.2 - Jafnréttismál; þar er sett fram markmið um að útrýma kynbundnum launamun en mælikvarðarnir snúa að jafnlaunavottun og leiðréttum launamun kynjanna. Mælikvarðarnir endurspeglar að stjórnvöld stefna ekki á að ráðast að rót vandans á tímabili áætlunarinnar, sem er kynjaskiptur vinnumarkaður og kerfisbundið vanmat á hefðbundnum kvennastörfum. Félagið ítrekar ábendingar sínar úr fyrri umsögnum, um að stjórnvöld eru með fyrirhyggjuleysi sínu að skapa kerfislæga áhættu fyrir ríkissjóð. Ef til dómsmáls kæmi, sem ríkið ætti á hættu að tapa í ljósi alþjóðlegrar þróunar og dómaframkvæmdar, gæti launaleiðrétting numið milljörðum króna fyrir ríkissjóð. Þessi aftenging fjármálaáætlunar, helsta stefnumótunartóli stjórnvalda, við fyrirbyggjandi þekkingu innan stjórnarráðsins á áskorunum í jafnréttismálum sem við sem þjóðfélag stöndum frammi fyrir er óásættanleg, og gefur vísbendingar um að verulegir ágallar eru í stefnumótun stjórnvalda eða að stjórnvöld stefni ekki á að ráðast í raunverulegar aðgerðir til að stuðla að jafnrétti.

## Tekjuöflun

Femínísk fjármál gera verulegar athugasemdir við að fjármálaáætlun geri ráð fyrir sölu ríkiseigna, annarra en Íslandsbanka, fyrir 26,4 milljarða árið 2028, en tilgreini ekki í áætluninni um hvaða ríkiseignir er að ræða (sjá rammagrein 8, einnig töflu 9 í töfluyfirliti). Þar með er búið að gera ráð fyrir yfir 26 milljörðum sem eigi að fjármagna útgjöld næstu ára, án þess að frá upphafi fari fram lýðræðisleg umræða um hvaða ríkiseignir er að ræða og hvaða áhrif sala þeirra hafi í stóra samhenginu, t.d. tekjutap vegna tekna af eignum til langrar framtíðar, áhrif á þjónustu, áhrif á notendur (sér í lagi viðkvæma og jaðarsettra hópa) og önnur áhrif af sölu á sameign þjóðarinnar. Það er ekki einkamál ríkisstjórnar hvaða ríkiseignir stendur til að selja og ef það er hægt að komast að niðurstöðu um nokkuð nákvæma tölu um áætlaðar tekjur af sölu, þá hlýtur að teljast líklegt að einhvers konar plan liggi fyrir. Það plan á erindi við almenning.

Femínísk fjármál ítreka fyrri ábendingar sínar varðandi tekjuöflun, um að mikil tækifæri eru í hækkun gjalda af fiskeldi og sjávarútvegi og því að tryggja réttlátt endurgjald fyrir afnot af auðlindum þjóðarinnar. Mörg fyrirtæki í þeim geirum hafa hingað til greitt of lítið fyrir notkun á sameiginlegum auðlindum. Tímabært væri nú að fram kæmu útfærðar hugmyndir um gjaldtöku í ferðþjónustu sem hefur árum saman verið í pípunum en er nú enn einu sinni óútfærð í fjármálaáætlun. Þá ítrekar félagið þá ábendingu sína að 1% tekjuskattur sem kemur til á árinu 2025 sé óþarflega hóflegur skattur á stórgróða fyrirtækja sem oftast en ekki hafa fengið aðgang að sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar. Tæplega er hægt að tala um hvalrekaskatt í þessu samhengi, og því kallar félagið eftir að slíkum skatti verði komið á. Félagið fagnar ummælum fjármálaráðherra í tengslum við fjármálaáætlun um skattlagningu þeirra sem eingöngu greiða fjármagnstekjuskatt og boðuðu frumvarpi ráðherrans um það í haust og gera ráð fyrir að næsta fjármálaáætlun muni bera þess merki þó að þessi áætlun geri ekki ráð fyrir áhrifum af slíkri skattlagningu.

## Kjarasamningar og frestun kjarabóta fyrir örorkulífeyrisþega

Félagið Femínísk fjármál fagnar aðkomu stjórnvalda að kjarasamningum. Margar aðgerðir sem þar voru kynntar, m.a. skólamáltíðir og hækkun fæðingarorlofsgreiðslna, eru til þess fallnar að stuðla jafnrétti og jöfnuði. Aukinn stuðningur við leigjendur með hækkun húsaleigubóta eru jafnframt skref í rétta átt, en konur eru líklegri til að vera á leigumarkaði en karlar og marktækt fleiri konur eru líklegar til að leigja félagslegt húsnæði af sveitarfélagi skv. skýrslum HMS frá árunum 2020 og 2021. Aftur á móti tekur félagið undir [áhyggjur Leigjendasamtakanna](#) um að aðgerðirnar séu ekki til þess fallnar að bæta stöðu leigjenda, en vegna aðstæðna í samfélaginu hefur eftirspurn aukist og verð rokið upp í samræmi við það. Hækkun húsnæðisbóta er ekki trygging fyrir kjarabót leigjenda eins og [nýleg könnun HMS](#) sýnir, en þar kemur í ljós að Grindvíkingar á leigumarkaði sem þiggja sérstakar húsnæðisbætur greiða jafnan hærra leigu en á almennum markaði. Launþegahreyfingar, hagsmunasamtök og stjórnmalafólk á Íslandi hafa kallað eftir leigubaki í kjölfar fordæmalausra hækkana á húsaleigu undanfarinna missera en dæmin sýna að leigjendur eru varnarlausir gagnvart sjálftöku leigusala og þurfa að þola ástand sem veldur ekki aðeins húsnæðisóryggi heldur hnignandi velferð leigjenda almennt.

Félagið lýsir yfir óánægju með að seilst sé í fjármagn ætlað mjög viðkvæmum hópi til að fjármagna kjarapakka stjórnvalda vegna kjarasamninga, þ.e.a.s. með að sækja 10 milljarða með frestun kjarabóta fyrir örorkulífeyrisþega á árinu 2025. Konur eru 60% þeirra sem eru með 75% örorkumat og því meirihluti

þeirra sem verður fyrir neikvæðum áhrifum af frestun gildistöku nýs örorkulífeyriskerfis. [Rannsókn Vörðu frá 2023](#) sýnir að rúmlega þriðjungur fólks með örorku-, endurhæfingarlífeyrisréttindi eða örorkustyrk, býr við efnislegan skort eða verulegan efnislegan skort og tæplega tveir af hverjum tíu búa við verulegan efnislegan skort eða sárafátækt.

### **Fasteignamál hjúkrunarheimila**

Félagið Femínísk fjármál lýsa yfir verulegum áhyggjum af fyrirhuguðum breytingum á fyrirkomulagi fasteignareksturs hjúkrunarheimila. Með aðgerðum sínum er ríkið að bregðast við skorti á hjúkrunarrýmum, sem má rekja má til fyrirhyggjuleysis og forgangsröðun stjórnvalda, með því að einkavæða fasteignamál hjúkrunarheimilanna. Félagið lýsir yfir áhyggjum af markaðsvæðingu heilbrigðisinnviða og dæmi sýna að langtíma leigugreiðslur ríkis til einkaaðila, sem ekki eru settar skorður um arðgreiðslur, á sérhæfðu húsnæði eru ekki góð nýting á opinberum sjóðum. Félagið hafnar markaðsvæðingu öldrunarþjónustu og leggur áherslu á ábyrgð hins opinbera í að veita þjónustuna. Reynsla annara ríkja sýnir að annað mun á endanum ekki aðeins koma niður á opinberum sjóðum, heldur einnig starfsfólki og skjólstæðingum, og kemur því til með að hafa neikvæð kynja- og jafnréttisáhrif. Á hjúkrunarheimilum starfar fólk sem er að miklum meirihluta konur og fólk af erlendum uppruna og skjólstæðingar þeirra eru fjölbreyttur hópur sem þarf að tryggja að fái þjónustu í samræmi við þarfir sínar hverju sinni og verði ekki fyrir mismunun.

### **Framlög í nýsköpun og kvikmyndagerð**

Til að styðja við vaxtargetu hagkerfisins leggur ríkisstjórnin áherslu á að efla nýsköpun í atvinnulífinu. Áætlað er að 96 ma. kr. fari til nýsköpunarfyrirtækja á tímabilinu. Félagið fagnar að fjölmörg tækifæri til að stuðla að auknu jafnrétti á málefnasviðinu séu ávörpuð í áætluninni. Félagið vill þó ítreka fyrri ábendingar sínar um að kynjaða slagsíðu í ríkjandi hugmyndum og viðmiðum um hvað telst vera nýsköpun, því falla verkefni leidd af konum oft ekki innan þeirra ramma sem settir eru og framlögum er beint í karllægra geira. Íslenskt samfélag og atvinnulíf verður af tækifærum og ávinningi ef horft er aðeins til þröngs og einsleits hóps fólks sem uppsprettu ný- og þekkingarsköpunar.

Femínísk fjármál telja nauðsynlegt að staldra við og eyða nokkrum orðum í boðuð lækkuð framlög vegna kvikmyndaendurgreiðslna. Réttilega er tekið fram í fjármálaáætlun að í þeim málaflökki er kynjahalli á úthlutun fjármagns. Hins vegar er það skökk forsenda að það að draga úr útgjöldum til kvikmyndagerðar sé til þess fallið að draga úr aukningu kynjabils. Ekkert kemur fram um aðgerðir sem gripið er til að minnka kynjabilið á greiðslunum eða koma í veg fyrir að kynjahlutföll skekkist enn frekar þegar kemur að kvikmyndaendurgreiðslum. Það eina sem er ljóst er að minna fjármagni verður varið í þessar greiðslur en það hefur engin sérstök jafnréttisáhrif nema að því fjármagni sem sparast sé varið sérstaklega í jafnréttisaðgerðir og/eða að því fjármagni sem er eftir sé útdeilt með kynjasjónarmið að leiðarljósi.

### **Fjölbreytileiki þjóðarinnar**

Þrástef í umræðu um atvinnulífið síðastliðin ár er skortur á vinnuafli og í [Grænbók stjórnvalda í málefnum innflytjenda og flóttafólks](#) frá því í nóvember 2023 segir: „Vöxtur í íslensku atvinnulífi hefur einkum byggst á innflytjendum sem hingað flytja til að vinna hin ýmsu störf. Viðvarandi skortur hefur verið á

vinnuafli og væri vöxtur einstaka greina, s.s. ferðapjónustu, ekki mögulegur ef ekki hefði komið til vinnu innflytjenda. Atvinnuþátttaka innflytjenda er meiri hér en almennt gerist, jafnt í samanburði við innlenda og í samanburði við aðra innflytjendur á Norðurlöndunum.“ Engu að síður virðast stjórnvöld ekki ætla að grípa til viðeigandi aðgerða í fjármálaáætlun. Aðgerðir sem eru kynntar í áætluninni miða að því að spara útgjöld í málefnum útlendinga, og vísa umsækjendum um alþjóðlega vernd og flóttafólki hraðar frá landinu undir þeim formerkjum að stuðla að skilvirkni. Stærsti kostnaðarliður stjórnvalda í svokölluðum útlendingamálum, er einmitt tilkominn vegna [hægagangs í afgreiðslu dvalar- og atvinnuleyfa](#) en flóttafólk og fólk sem sækir hér um alþjóðlega vernd hafa að jafnaði þurft að bíða afgreiðslu sinna mála í 180 daga á ári með tilheyrandi kostnaði fyrir ríki og sveitarfélög. Við höfum skýr dæmi um að fólk sem hefur fengið skjóttari afgreiðslu dvalar- og atvinnuleyfa, hafi hlutfallslega hærri atvinnuþátttöku en innfæddir, [eins og dæmið um Venesúela sýnir](#). Ísland á að sjá sóma sinn í að styðja við fjölbreytileika samfélagsins og fagna þeim hæfileikum og þekkingu sem felast í því fólk sem vill setjast hér að. Markmið stjórnvalda um að spara útgjöld með því að vísa fólk hraðar frá landinu vinnur ekki aðeins gegn sjónarmiðum um vaxandi fjölbreytileika þjóðarinnar heldur einnig gegn þeim hagvaxtaraukandi markmiðum sem væru möguleg ef fjölbreytileikanum væri fagnað með trúverðugri hætti.

### Um jafnrétti og utanríkisstefnu

Að lokum vill félagið benda á að Ísland hefur árum saman hreykt sér fyrir sérstakar jafnréttisáherslur í utanríkisstefnu sinni. Síðastliðið rúma hálfu árið hafa yfir 34 þúsund manns verið drepin á Gaza í Palestínu, af ísraelska hernum, með stuðningi vestrænna stjórnvalda. 70% þeirra voru konur og börn. Miklu fleiri er saknað, grafin undan rústum heimila, skóla og sjúkrahúsa. Viðbrögð íslenskra stjórnvalda voru að [kjósa ekki með vopnahléstillögu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, frvsta flóttamannaaðstoð](#) og sækja ekki [fólk á flóttu sem hefur fengið vernd hér á landi með fjölskyldusameiningu](#) fyrr en eftir dúk og disk og [skilja fullt af fólk eftir](#). Palestína er ekki einu sinni nefnd í utanríkiskafla fjármálaáætlunar. Um þetta er fátt að segja annað en að jafnréttisáherslur stjórnvalda í utanríkismálum, eru orðin tóm.

Virðingarfyllst,  
stjórn félagsins Femínísk fjármál